

Sp.

166. Tillaga til þingsályktunar

um vegagerð milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til gagngerðrar endurskoðunar rannsóknir um vegarstæði milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins og beita sér síðan fyrir, að hafizt verði handa um framkvæmdir að framhaldsrannsókn lokinni.

Er til þess ætlazt, að veginum verði þar valinn staður, er öruggast má verða til samgangna allar árstíðir, og með fullri hliðsjón til þess, að vegarlengdin milli höfuðstaðarins og austursveita verði ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur.

Skal ríkisstjórnin fá tillögur vegamálastjóra um mál þetta og leggja niðurstöður sínar síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Af stórmálum þjóðarinnar, er rædd hafa verið utan þings og innan nú hina síðustu áratugi, hefir ekkert átt eins örðugt uppdráttar og samgöngumál það, sem tillaga þessi lýtur að. Vantar þó ekki, að mikilhæfir menn og framsýnir hafi látið það til sín taka og talið það hið mikilvægasta. En hamingju til sameiginlegra átaka hefir fram til þessa brostið og öllu slegið á dreif. Það er ekki nema til leiðinda og engin nauðsyn að rekja þá sögu hér, enda er hún flestum kunn. Þess er nóg að geta, að lög hafa verið sett um þessi samgöngumál (1932 og 1936), er kalla má að stangist og hafa leitt á refilstigu. Er hér sjón sögu rikari.

Á þessum tímum er mjög um það rætt og að því unnið, að fjölga skuli býlum í landinu og stöðva flóttann úr sveitunum. Einna tiltækilegast þykir í þeim efnum að taka landfláka til ræktunar þar, sem skilyrði eru bezt, jafnframt því, sem stórvörðum yrði skipt. Það er óumdeilt, að þetta landnám eigi helzt rétt á sér hér fyrir austan heiði. Fáir munu vera svo djarfir að neita því, að frumskilyrði þess, að slíkur byggðarauki eigi rétt á sér, eru öruggar samgönguleiðir, og er hér að ræða um traustar samgöngur milli höfuðstaðarins, þar sem nál. $\frac{1}{3}$ landsmanna á nú heima, og hins mikla framtíðarlands eystra, sem er hið eina verulega uppland til framleiðslu á daglegu lífsviðurværi borgarbúanna. Reynsla síðustu ára um mjólkurflutning o. s. frv. sýnir einnig og sannar, að þörfin er orðin brýn um gagngerðar og fljótar umbætur á þessum samgönguleiðum.

Ætlunin með tillögu þessari er sú, að stefnt verði hér til umbóta án undan-dráttar. Afkomuöryggi og hagsmunir fjölmargra landsmanna eru svo mikið undir því komnir, að málið leysist farsælega, að hið flokkslega reiptog, sem orðið hefir þessu málefni sem fleiri góðum málum til trafala, verður að hætta, og ætti nú að verða greiðara um vik í þeim efnum, er stjórnmalaflokkarnir hafa gengið til samstarfa um þau mál, er þjóðina varðar mestu. Í flokki þeirra mála er það, sem hér ræðir um.

Tillagan sjálf skýrir það nægilega, að öryggi samgangnanna, einn og sami vegur, er treysta megí á öllum árstíðum, er markmiðið. Slíkur vegur á að koma í stað allra vara- og þrautavaraleiða. Slíkan veg á að gera með hliðsjón til sparnaðar á benzini, gúmmíeyðslu og öðrum flutningskostnaði, og því á hann að liggja svo beint milli umræddra byggðarlaga sem öryggi vegarstæðisins leyfir. Þótt slíkt gæti í byrjun haft í för með sér aukinn stofnkostnað, gæti svo farið, er til lengdar lætur, að í þeirri aðferð yrði sparnaðinn að finna.

Nokkur hluti hinnar væntanlegu vegagerðar er ekki fjær Reykjavík og Hafnarfirði en svo, að hægt ætti að verða að inna þar störf af hendi með atvinnubótavinnu, eftir því sem nauðsyn kræfi.

Rannsóknir þær, sem þegar hafa verið gerðar um suðurlandsveg, ættu mjög að geta flýtt fyrir endurskoðun þessara mála, svo að niðurstaða fáist og hægt verði að byrja.

Þykir sjálfsgagt, að vegamálastjóri verði ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málum.